



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við fyrstu skólasetningu
Lýðháskólans á Flateyri
22. september 2018**

Nemendur og starfslið Lýðháskólans á Flateyri,
skólastjóri og stjórnarformaður,
formaður bæjarráðs, bæjarstjórar,
alþingismenn,
aðrir góðir gestir.

Til hamingju með daginn! Til hamingju með nýja skólann hér á Flateyri. Megi hann hvetja nemendur til dáða og efla byggðarlagið, okkur öllum í þessu landi til heilla. Með stofnun þessa skóla verður menntakerfið fjölbreyttara, meira í boði fyrir hvern og einn sem vill afla sér aukinnar vísku.

Nú er hugmynd um lýðháskóla ekki ný af nálinni. Við getum helst rakið lýðskólahugmyndinni til hugsuðarins Grundtvigs og annarra í Danmörku sem mæltu fyrir umbótum og aukinni alþýðmenntun á nítjándu öld. Ytra kynntust Íslendingar lýðháskólum og það skal fúslega viðurkennt að sitt sýndist hverjum. Þannig vissi Matthías Jochumsson, sá frjálslýndi andans maður, ekki alveg hvaðan á hann stóð veðrið í heimsókn til lýðháskólans fræga í Askov. Þarna blésu aðrir vindar en hann hafði áður kynnst, mikið frelsi og próf þekktust varla. „Mér fannst allt svo laust og óákveðið sem kennt var,“ sagði Matthías, „sífelldur söngur og fyrirlestrar, lítil yfirheyrsla, fáar æfingar, allt miðað meira við tilfinningar en við eiginlegt nám og skilning eða ákveðna kunnáttu.“ En samt – eða kannski þess vegna – var eitthvað sem heillaði hinn hugsandi mann. Hann gat ekki annað en hrifist af þessum eldmóði menntunar og mannúðar, samkenndar og sjálfsræktar. Skáldið sagði áfram, og það er kjarni málsins: „Skólarnir áttu að vera líf fremur en ákveðinn lærdómur, vöknun og hjartans hressing fremur en erfiði og áreynsla.“

Og að því kom að lýðskólum á ungmennastigi var komið á fót hér á landi. Einna fremstur þar í flokki var Guðmundur Hjaltason alþýðufræðimaður, þekktur á sinni tíð en fáum kunnur um okkar daga. Próf voru eitur í hans beinum og öll ítrodsla sömuleiðis. Í heilræðum til barnakennara, kvæði sem Guðmundur birti árið 1889, orti hann svo um eðli sanns lærdóms:

Ætíð sé í allri kennslu eitthvað nýtt,
eitthvað sem að gjörir geðið glatt og hlýtt.

Og enn fremur:

Lærdómur sem leikur verði ljúfur þeim,
þeir í skóla sjálfum sjái sælugeim.
Fylg þú þeim um fjöll og dal með fróðleiks-tal,
horf með þeim á himna ljós og holtarós.

Þetta voru fögur áform, áheyrendur góðir. En hugsjónir lýðskólafólks fengu ekki nægan hljómgrunn hér á landi. Skólakerfið þróaðist í aðra átt. Vissulega var framför að skólaskylda festist í sessi. Í því kerfi urðu sumir þó ofan á en aðrir út undan, börnum raðað í bekkir eftir meintri getu, og oftar en ekki mátti rekja frammistöðu í þröngum prófum til þess hvernig atlæti var heima fyrir frekar en hvaða kostum nemandinn var í raun búinn. Svonefndir „tossabekkir“ tuttugustu aldar eru ömurlegur vitnisburður um hörku og misrétti í garð þeirra sem síst skyldi, og þessi skipting í góða nemendur og vonða gat svo sannarlega dregið dilk á eftir sér eins og Sigurður Pálsson skáld skrifaði í minningum sínum: „Þessi dilkadráttur var ákvörðun um örlög fyrir lífið, hvorki meira né minna.“

Gott og vel, en hvað með jákvæðan aga og álag, ekki síst þegar við horfum til framhaldsnáms, þar sem hver og einn á að bera ábyrgð á sjálfum sér? Vissulega þarf að gera kröfur í námi, leik og starfi. Við viljum eiga verkfræðinga sem hafa sýnt og sannað að þeir viti sínu viti um burðarþol; við verðum að treysta því að nýútskrifaðir læknar kunni sína líffærafræði. Fólk í námi þarf að reyna á sig, leggja sig fram, finna kosti sína og efla þá.

En um leið þurfum við að rækta með okkur víðsýni og umburðarlyndi, vinna gegn þröngsýni og fordómum. Er sá læknir bestur sem kann allt í anatómíu en ekkert í mannlegum samskiptum? Er sá verkfræðingur frábær sem getur reiknað og teiknað öll heimsins mannvirki en ber ekkert skynbragð á samband manns og náttúru? Og sjálfsagðar kröfur mega ekki skapa ofurkvíða. Er það farsælt veganesi í framtíðina, sem fregnir berast af, að fjöldi háskólanema neyti örvandi lyfja til að geta kannski svarað betur spurningum á prófdegi? Er það rétt sem Kári Stefánsson sagði eitt sinn, að próf væru uppfinning andskotans?

Kæru nemendur lýðháskólans, og aðrir góðir gestir: Við þurfum fjölbreytni í mannlífinu, og þá að sjálfsögðu í skólakerfinu líka. Hér við þennan nýja skóla á Flateyri vantar ekki metnað þótt farnar séu ótroðnar leiðir að því marki að auðga einstaklinga og samfélagið um leið – byggðina hér, um gervallt landið og í raun víða veröld. Vissulega má varast klisjur. Það er hins vegar satt, sem oft er sagt, að enginn er góður í öllu en allir góðir í einhverju. Það skuluð þið staðfesta, nemendur og kennarar hins nýja skóla.

Góðir áheyrendur: Ég óska ykkur öllum hjartanlega til hamingju með Lýðháskólann á Flateyri. Ábyrgð ykkar er allnokkur. Þið þurfið að sýna hvað í ykkur býr, sanna að nú hafi verið stigið gæfuskref. Gangi ykkur vel, megi gifta fylgja hinum nýja skóla og öllum sem hann sækja.